

GJALDSKRÁ

vegna kattahalds í Blönduóssbæ.

1. gr.

Af köttum í Blönduóssbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Blönduóssbæ, nr. 1121/2005.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.470. Eigendum ber að endurskrá ketti sína árlega og greiða kr. 1.470 fyrir endurnýjað leyfi.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending kattar kr. 8.400.

Önnur afhending kattar kr. 15.120.

Þriðja afhending kattar kr. 23.100.

Við afhendingu kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir kr. 18.165.

Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. maí og eindagi 15 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um kattahald í Blönduóssbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn 21. desember 2010 og í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 18. apríl 2011.

Blönduósi, 27. apríl 2011.

Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. maí 2011